

Skýrsla

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 24. október 1883.

Ár 1883, 24. október, var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönnum svara Arnljóti Ólafssyni og umboðsmanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin.

1. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, 26. f. m., þar sem hann tilkynnir amtmanni að af 9000 hálfsekkjum þeim af gjafakorninu frá Danmörku, sem fluttir voru hingað til landsins í ágústm. síðastliðnum, hafi verið lagðir upp :

á Akureyri	1400 ⁰ / ₂ sekki
á Siglufirði :	400 ⁰ / ₂ —
á Sauðárkróki	1000 ⁰ / ₂ —

og er amtsráðinu falið á hendur að ákveða, hverjar sýslur í umdæminu verði hlutakandi í þessum gjöfum, og hve mikið hver sýsla fái, en sýslunefndum er falið að skipta milli hreppanna, en hreppsnefndum að úthluta korninu í hreppunum; amtmanni er þarhá veittur myndugleiki til að breyta ákvörðunum sýslunefnda og hreppsnefnda, ef hann eða amtsráðið finði sjerstakar ástæður til þess.

Amtsráðið ályktaði, að með því kornið væri lagt upp á þeim stöðum, sem sagt var, þá gæti eigi orðið spursmál um, að Múlasýslumenn gætu sótt þangað nokkuð af því, enda væri að áliti ráðsins eigi svo mikil þörfin þar, eins og í hinum öðrum sýslum amtsins, en af þeim hefir þegar Húnavatnssýsla dregið að sjer mikinn forða og meðtekið talsvert af gjafakorni á síðastliðnu vori (sjá skýrslu um fund amtsráðsins, 31. maí 1883. Stjórnartíðindi 1883. B. bls. 89). Með þessu fyrir augum skipti ráðið framangreindum 2800⁰/₂ sekkjum milli Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna, þannig að Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla fengu sína 1000⁰/₂ sekki hvor, og Þingeyjarsýsla 800⁰/₂ sekki, semsje Suður-Þingeyjarsýsla 570⁰/₂ og Norður-Þingeyjarsýsla 230⁰/₂ sekki, og skoraði amtsráðið á sýslunefndirnar í þessum sýslum að skipta þegar korninu milli hreppanna og senda ráðinu skýrslu um þessa skiptingu. Samkvæmt fyrirmælum landshöfðingja var sýslunefndunum lagt fyrir að benda hreppsnefndunum á, að aðrir en þeir, sem þurfsandi væru, mættu eigi fá hlutdeild í korninu. Amtsráðið ljét þarðauki hreppsnefndirnar vita, að þær mættu ekki setja þurfsandi menn í hreppnum hjá við úthlutun kornsins af þeirri ástæðu, að þeir ættu framfærslusveit í öðrum hreppi.

Ennfremur áleit ráðið það rjettast, og setur þá reglu fyrir útbýting kornsins af hálfu hreppsnefndanna milli einstakra manna, að allt að helmingi kornsins verði geymt þar til undir vorið, og því þá fyrst útbýtt.

2. Framlagt var brjef landshöfðingja, 27. ágúst þ. á., þar sem hann tilkynnir amtsráðinu, að hann hafi veitt Norðurmúlasýslu 8500 kr. lán úr viðlagasjóði til búnaðarskólastofnunar í samfelagi við Suðurmúlasýslu. Hlutdeild Suðurmúlasýslu úr láni til búnaðarskólans er eigi enn ákveðin (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 1. júní þ. á., Stjórnartíðindi 1883, B. bls. 93).
3. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, 26. f. m., þar sem hann fellst á þá skoðun amtsráðsins (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 1. júní þ. á., Stjórnartíðindi 1883, B. bls. 93—95), að eigi sje tiltækilegt að svo stöðdu, að verða við beiðni sýslunefnd-

31

anna í Húnavatns- og Eyjafjardarsýslum, að fá til umráða tiltölulegan hluta þessara sýslna úr búnaðarskólasjóðnum og að taka eptirleidis við búnaðarskólagjaldinu, fyr en samningur sje á kominn milli hlutaðeigandi sýslna, um sameiginlegt búnaðarskólalagd á Hólum, sem sje samþykktur af hverri sýslunefndinni fyrir sig. Forseti ráðsins gat þess, að hann hefði tilkynnt hlutaðeigandi sýslunefndum innihald þessa landshöfðingjabrjefs.

4. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 400 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár úr jafnaðarsjóðnum, og var framlögð skýrsla forstöðunefndarinnar um athafnir og ástand skólans á skólaárinu 18⁸²/₈₃.
 5. Forstöðunefnd tjeðs skóla hafði sent amtsráðinu bænarskrá um 50 kr. styrk úr hinum svonefnda prentsmiðjusjóði norður- og austuramtsins til útbýtingar milli fátækra námsmeysja á skólanum. Amtsráðið veitti eins og í fyrra (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 15. septbr. 1882, Stjórnartíðindi 1882, B. bls. 189) þann umbeðna styrk, sem skyldi útbýtt milli fátækra námsmeysja á skólanum, svo sem til skriffærakaupa, meðalakaupa og læknishjálpar, ef á þyrfti að halda.
 6. Framlagt var brjef sjera Páls Pálssonar á Þingmúla 7. ágúst þ. á., þar sem hann samkvæmt þar til gefnu tilefni (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 31. maí þ. á., Stjórnartíðindi 1883, B. bls. 90) skýrir ráðinu frá, að hann framvegis sje fús til þess að taka heyrnar- og málleysingja til kennslu, og með hverjum skilmálum. Með því sem stendur eigi er spursmál um að koma nokkrum heyrnar- og málleysingja til kennslu, frestaði amtsráðið að gjöra ályktun um þetta mál.
 7. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, 20. júlí þ. á., sem felur amtsráðinu að útbýta þeirri upphæð, sem veitt er norður- og austuramtinu á yfirstandandi ári af því fje, sem tilgreint er í fjárlögnum 1882—83, 10. gr. C. 5. b. til þess að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpostleiðum, 2500 kr., auk 450 kr., sem eptir stóðu frá árinu, sem leið. Nú voru ekki komnar skýrslur um unnar vegabætur á aðalpostleiðinni nema frá sýslumanninum í Eyjafjardarsýslu, og nemur kostnaðurinn við þessar vegagjörðir alls 1933 kr. 69 aur., en af þessari upphæð hafa 163 kr. 94 aur. gengið til aðalpostvegarins, sem liggur yfir Oddeyri og er kostaður af bæjarsjóði Akureyrar kaupstaðar, og áleit ráðið því efasamt, hvort heimild sje fyrir því í fjárlögnum að veita nokkurn styrk af hinni áminnstu fjárveiting til þessarar vegagjörðar, sem eigi er kostað til af sýsluvegasjóði. Amtsráðið ályktaði að bera þessa spurning undir landshöfðingja, og leggja það til, að bæjarsjóður Akureyrar fái helming þessara 163 kr. 94 aur. endurgoldinn af því fje, sem veitt er í fjárlögnum 1882—83 10 gr. C. 5. b. Aptur á móti veitti amtsráðið sýsluvegasjóði Eyjafjardarsýslu 884 kr., sem samsvarar hjer um bil helmingi kostnaðar þess, sem á yfirstandandi ári hefir verið varið til vegabóta á sýsluvegum á aðalpostleiðinni.
- Amtsráðið fól þar að auki forseta sínum að útbýta því, sem eptir stæði af fyrnefndum 2950 kr. eptir þeim skýrslum, sem fram kynnu að koma úr öðrum sýslum um unnar vegabætur á sýsluvegum á aðalpostleiðunum á þessu ári.
8. Frá 15 búnaðarfjelögum í amtinu voru komnar skýrslur um unnar jarðabætur og bónarbrjef um fjárstyrk af því fje, sem veitt er norður- og austuramtinu á þessu ári til eflingar búnaði, og rjeði ráðið til, eptir að það hafði nákvæmlega rannsakað skýrslurnar, að eptirnefndum fjelögum yrði veittur sá styrkur, sem tilfærður er við hvert þeirra.

1.	búnaðarfjélagi	Jökulsárhlíðar	39 kr. 50 a.
2.	—	Hjaltastaðahrepps	45 — » -
3.	—	Fellahrepps	42 — » -
4.	—	Skriðdalshrepps	46 — » -
5.	—	Fljótsdalshrepps	50 — » -
6.	—	Skútustaðahrepps	46 — 50 -
7.	—	Ljósavatnshrepps	107 — 50 -
8.	—	Helgastaðahrepps	100 — » -
9.	framfarafjélagi	Grytubakkahrepps	55 — » -
10.	—	Öngulstaðahrepps	73 — » -
11.	—	Arnarneshrepps	59 — 50 -
12.	—	Bægisársóknar	38 — 50 -
13.	—	Skriðuhrepps	66 — » -
14.	búnaðarfjélagi	Rípurhrepps	68 — » -
15.	—	Svínavatnshrepps	497 — 50 -
			1334 kr. » a.

Þær 666 kr., sem enn eru eptir, rjeði amtsráðið til að legðist fyrst um sinn til búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins, og að ráðinu yrði falið að útbýta þeim milli þeirra búnaðarfjelaga, er síðar mundu senda bónarbrjef um styrk til ráðsins með skýrslum um unnar jarðabætur á árinu 1883.

9. Brjef landshöfðingja, 20. septbr. 1883, var framlagt, og hefur hann með því veitt Jóni Sigfússyni Thorlacius (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 15. septbr. f. á., Stjórnartíðindi 1882, B. bls. 189) samkvæmt tillögum amtmanns 600 kr. styrk af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði á yfirstandandi ári, til þess að halda áfram og ljúka búfræðisnámi í Norvegi.
10. Forseti skýrði frá því, að hann hefði ráðist í að kaupa fyrir hönd búnaðarsjóðsins 100 expl. af ritgjörð Árna landfógeta Thorsteinsens «Um síld og síldarveiði», sem bókmenntafjélagið hefur gefið út. Ráðið ályktaði, að skipta þessum exemplörum milli sýslumanna til útbýtingar í þeim sveitum, þar sem nú helzt er rekin síldarveiði.
11. Landsetinn á Þjóðjörðunni Hróarsdal í Rípurhrepp undir Reynistaðarklausturs umboði, Jónas Jónsson, hefur sent amtsráðinu skýrslu um þær miklu jarðabætur, sem hann hefur gjört á þessari ábylissjörð sinni fram yfir það, sem hann er skyldugur til samkvæmt byggingarbrjefi sínu, og fer hann þess á leit, að ráðið veiti sjer svosem 200 kr. styrk úr búnaðarsjóði amtsins. Með bænarskrá þessari fylgja meðmæli frá sýslumanni og umboðsmanni. Amtsráðið ályktaði að veita beiðandanum, sem er fjölskyldumaður, 200 kr. styrk úr búnaðarsjóðnum, svosem verðlaun fyrir staka framtaksemi hans og honum til uppöfunar.
12. Umboðsmaður Munkapverárklausturs hafði með meðmælum sínum sent amtmani bænarskrá frá ábúandanum á Þjóðjörðunni Tungu í Fnjóskadal, Olafi Sigurðssyni, þar sem hann fer þess á leit, að fá endurgoldið með landskuldaruppjöf nokkuð af kostnaði þeim, sem hann hafði á sumrinu 1882 við að hreinsa tún jarðarinnar af sandi og leir, sem lækur sá, sem rennur um túnið, hafði á það borið, og greiða fyrir farvegi lækjarins; amtmaður hafði síðan leitað álits sýslumanns og hrepps-

31 nefndar um þessa bænarskrá, og látið útvega skoðunargjörð tveggja valinkunnra manna þessu viðvíkjandi. Forseti amtsráðsins bar þessa bænarskrá undir álit amtsráðsins, áður en hann sendi hana til landshöfðingja, og var það skoðun ráðsins, að hæfilegt væri, að gefa beiðandanum upp 30 álnir af eins árs landskuld uppí þann kostnað, sem framangreindar ráðstafanir hans í þarfir jarðarinnar höfðu haft í för með sér.

13. Framlagðir voru reikningar yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins 1881 og 1882; amtsráðið rannsakaði þessa reikninga, sem ekkert fannst að athuga við, og veitti 100 kr. styrk til bókasafnsins úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.
14. Forseti framlagði skýrslur og brjef viðvíkjandi hrossapest þeirri, sem gjört hafði vart við sig á Ytra-Krossanesi í sumar, og var þessi pest að öllum líkindum miltisbrandur, en úr henni drápuast alls 5 hestar og 1 kýr.

Kostnaður sá, sem amtið hafði haft við vöktun og við að láta grafa niður skrokkana og hárnar af skepnum þeim, sem drepizt höfðu, er 104 kr., sem forseti ráðsins hefur borgað úr jafnaðarsjóði uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins. Amtsráðið samþykkti þetta, svo og reikning sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu yfir kostnað hans við ferð úti Svarfaðardal eptir skipun amtsins, til þess að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf væri á, í tilliti af hrossapest, sem þar hafði gjört vart við sig, en það reyndist, að þessi pest var eigi miltisbrandur, og höfðu alls 6 hross sýkzt þar, og af þeim drepizt 2.

Ennfremur var framlögð bænarskrá frá ábúendunum á Ytra-Krossanesi, Hálfldáni Hálfldánarsyni, sem misst hafði 2 hross, Jóni Jónssyni, sem misst hafði 1 hross, og Björgu Þorgeirsdóttur í Lónsgerði, sem kýr drapst fyrir, og er þess farið á leit í þessari bænarskrá, að amtsráðið hlutist til um, að þeim verði veittar hæfilegar skaðabætur fyrir tjón þetta og þann skaða, sem þau urðu fyrir af því að hestar þeirra voru settir undir vöktun um heyanir, auk þess sem þeim sjálfum hafði verið gjört að skyldu að gæta þess vandlega, að gripir þeirra og skepnur hefðu eigi samgöngur við gripi annara manna. Amtsráðið ályktaði, að það gæti eigi sinnt þessari bænarskrá, þar sem það hefði eigi fje til umráða, er slíkar skaðabætur yrðu teknar af.

15. Hreppsnefndin í Svalbarðshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu hefur skotið til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar, 5. apríl 1883, sem fellir úr gildi úrskurð hreppsnefndarinnar á kæru Einars Einarssonar á Hafursstöðum yfir útsvari því, sem honum hafði verið gjört haustið 1882, og leggur hreppsnefndinni fyrir að úrskurða í þessu kærúmáli að efninu til, en hreppsnefndin hafði með úrskurði sínum, 8. desbr. 1882, vísað kæru Einars frá af því hún hefði komið of seint til oddvita nefndarinnar. Amtsráðið ályktaði að heimta skyldi yfirlýsing hreppsnefndaroddvítans um það, hvern mánaðardag kæran hafi til hans komið, áður en það legði úrskurð sinn á þetta mál.
16. Með því brýrnar á Skjálfandaflljóti væru að kalla fullgjörðar, þar sem eigi vantaði annað en vírgirðing á kvíslarbrúna og að nokkru leyti á brúna á meginfljótinu, ályktaði ráðið, þótt allir reikningar væru ekki framkomnir, að bera upp fyrirspurn til landshöfðingja um það, hvernig haga skyldi endurborgun lánsins til brúargjörðarinnar samkvæmt lögum 27. febr. 1880, en samkvæmt þeim er lánið veitt vaxtalaust í 3 ár frá lántökudegi, og skal svo endurborgað landssjóði eptir þennan 3 ára tíma með 6 af hundraði á ári í 28 ár. Amtsráðið áleit semsje, að

það lægi næst fyrir samkvæmt fyrirmælum laganna, og sje óbrotnast og umsvifa-minnst, að dagrentur, 4 af hundraði, verði borgaðar af hinum ýmsu upphæðum, sem á ýmsum tímum hafa borgaðar verið út til brúargjörðarinnar úr landssjóði, frá þeim degi, er hver upphæð hefur verið útborguð, til þess dags, er síðast var borgað nokkuð úr landssjóði í þessu skyni, en frá þeim degi skuli talin þau 3 ár, er eigi þarf að borga vöxtu af láninu og afborga það.

Forseti kvaðst mundu panta vírgirðingar, alls 108 álnir, hjá kaupstjóra Tryggva Gunnarssyni. Amsráðið ályktaði, að eigi væri þörf á, að bíða með að gjöra reikningsskil fyrir kostnaðinum við brúargjörðina eptir þessu, þarsem jafna mætti eptirá kostnaðinum við útvegum vírgirðinganna, sem naumast mundi verða meiri en 150 kr., niður á þá sjóði, sem eiga að endurborga lánið, og eins mætti fara með þann kostnað, sem kynni að leiða af því, sem enn þyrfti að útvega í þarfir brúnna að álitu sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu, þegar hún væri búin að skoða þær. Ennfremur ályktaði amsráðið að skora á sýslunefndina að skoða brýrnar og taka við umsóninni yfir þeim samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

17. Forseti ráðsins skýrði frá því, að brúin á Jökulsá á Jökuldal væri að kalla fullgjörð, en reikningar eigi framkomnir allir. Kostnaðurinn alls mundi eigi fara fram úr því, sem til væri í hinum svonefnda Jökulsárbrúarsjóði.

Fleiri mál komu ekki til umræðu á þessum fundi, og var svo fundi slitið.

Akureyri, 24. dag októberm. 1883.

J. Havsteen
settur.

Verðlagsskrá,

sem gildir fyrir

Borgarfjarðarsýslu

frá miðju maímánaðar 1884 til sama tíma 1885.

		Í pening.		Hundrað á		Alin. aur.
		kr.	aur.	kr.	aur.	
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 c 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fardögum . . . á	102	06	102	06	85
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar í fardögum . . . hver á	13	26	79	56	66
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . — -	20	»	120	»	100
4.	— 8 — tvævetrir . . . — -	15	54	124	32	104
5.	— 12 — veturgamlir . . . — -	11	13	133	56	111
6.	— 8 ær geldar . . . — -	13	49	107	92	90
7.	— 10 — mylkar . . . — -	9	49	94	90	79
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum . . . á	56	42	56	42	47
9.	— 1 $\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri hver á	45	78	61	04	51
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 c 120 pd. af hvíttri ulla, vel þveginni, pundið á	»	69	82	80	69
11.	— 120 — af mislitri ulla, vel þveginni — -	»	50	60	»	50
12.	— 120 — af smjöri, vel verkuðu . . . — -	»	71	85	20	71
13.	— 120 — af tólg, vel bræddri — -	»	40	48	»	40